

Alþingi  
Erindi nr. **P** 135/-72553  
komudagur 6.5.2008 Reyri 6. maí 2008

Berist til:

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
105 Reykjavík

Sendandi:

Norðlenska Matborðið  
v/Grímseljargötu  
600 Akureyri

Varðar: Þskj. 825 — 524. mál.

## Frumvarp til laga

um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum

frá 1. kafla 1. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á

reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002

frá 28. janúar 2002 auk afleiðdra gerða.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)


Undirritaður vill koma á framfæri áhyggjum sínum vegna ofangreinds frumvarps. Með frumvarpi þessu er verið að opna á óheftan innflutning á fersku kjöti án þess að á nokkurn hátt hafi verið gerð tilraun til að kanna áhrif þess á íslenskan landbúnað og úrvinnslugreinar íslensks landbúnaðar. Þarna eru í húfi þúsundir starfa, flest á landsbyggðinni. Því miður hefur gengið illa að verja störf á landsbyggðinni og hefur Alþingi ítrekað talað um og staðið að aðgerðum til að styrkja byggð þar. Það er ljóst að þetta frumvarp er til þess fallið að fækka störfum og þar með starfstækifærum á landsbyggðinni.

Það er ljóst að fresta verður flutningi þessa frumvarps svo kanna megi áhrif þess á störf á landsbyggðinni og kortleggja megi áhrif þess á landbúnað og úrvinnsluþætti landbúnaðar, aðalega störf á landsbyggðinni. Ég bendi á að svona opnun á innlenda markaðinum með litlum sem engum fyrirvara er afar óábyrgur gjörningur. Eldistími flestra þeirra dýra sem innflutningurinn mun hafa áhrif á er mun lengri en sá tími þar til frumvarpið á að vera komið að fullu til framkvæmda, þetta mun leiða til mikils offramboðs í þann mund er innflutningur verður leyfður með tilheyrandi hörmungum fyrir alla greinina. Svona mál verða að hafa mun lengri aðlögunartíma frá lagasetningu (a.m.k. þrjú ár) svo menn geti skipulagt framleiðsluna, það eru lífdýr sem um er að ræða en ekki dauðir hlutir, það er Alþingi ekki til sóma að standa að lögum sem geta leitt til þess að stór hluti búpenings verði skotin og grafin engum til gagns nú á umbrotatímum í matvælaíðnaði og framleiðslu.

Nærtækt dæmi um áhrif offramboðs og undirverðlagningu á kjöti sem leiddi til þess að verð allra kjöttegunda hrundi er þegar offramleiðslan skall á innlenda markaðinum árin 2002 og 2003 en þá var um mikla innlenda umframleiðslu að ræða og mikla birgðasöfnun í öllum kjöttegundum. Afleiðingar þessa voru þær að nánast allur kjötiðnaður var í uppnámi auk þess sem hagur bænda hefur aldrei verið verri.

Hvað frekari umsögn varðar vísa ég til umsagnar Landssambands sláturleyfishafa sem sent hafa inn umsögn. Norðlenska er eðlilega aðili að þeirri umsögn.

Fh. Norðlenska Matborðsins

  
Sigmundur Ófeigsson  
Framkvæmdastjóri